

# Innihaldslýsing

tilskipunar nr. 98/2008/ESB um úrgang og niðurfelling tiltekinna tilskipanna  
(*Waste Framework Directive 98/2008/EC*)

Þessi innihaldslýsing er byggð á eigin þýðingu, en tilskipunin á eftir að verða tekin í EES-samninginn áður en hún fer til þýðingar hjá Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins

49 tölusettar forsendur [tilefni og ástæður]

Kafli 1 Innihald, gildissvið og skilgreiningar		
Gr. 1	Umfjöllunar-efni og gildissvið	1. Aðgerðir til að vernda umhverfið og heilbrigði manna með því að koma í veg fyrir eða minnka óæskileg áhrif sem myndun og meðhöndlun úrgangs hefur og með því að auka nýtni auðlinda og minnka heildaráhrif vegna nýtingar þeirra.
Gr. 2	Undanþágur	1. Gaskennd efni, jarðir og áfastir hlutir, ómengaður uppgröftur til notkunar á staðnum, geislavirkur úrgangur, útrunnin sprengiefni, landbúnaðarlífsmassi ásamt húsdýraskít. 2. Skólp, dýraskrokkar, námuúrgangur, 3. Set úr stöðuvötnum og árfarvegum, ef þau teljast ekki spilliefni 4. Setja má sérreglur um aðrar tegundir úrgangs, eða sérstök tilvik, með viðbótartilskipunum
Gr. 3	Skilgreiningar	Í 20 liðum: úrgangur, spilliefni, úrgangsolía, lífrænn úrgangur, úrgangsframleiðandi, úrgangshafi, úrgangskaupendur og –seljendur, úrgangsmiðlarar, úrgangsstjórnun ( <i>waste management</i> ), úrgangssöfnun, aðgreind söfnun úrgangs, draga úr myndun úrgangs, endurnotkun úrgangs, úrgangsmeðhöndlun ( <i>waste treatment</i> ), endurnýting úrgangs, undirbúningur endurnotkunar, endurvinnsla, endurheimt úrgangsolíu, förgun, besta fánlega tækni.
Gr. 4	Úrgangsmeðhöndlunar-skipun ( <i>Waste hierarchy</i> )	1. Eftirfarandi forgangsörð <b>skal gilda</b> a) draga úr myndun, b) endurnota, c) endurvinna, d) endurnýta, svo sem orkunýting e) farga 2. <b>Aðildarríki skulu grípa til aðgerða</b> sem hvetja menn til að velja þær leiðir sem skila mestum umhverfislegum ávinningi. Getur haft í för með sér að einstakar tegundir úrgangs meðhöndlast öðruvísi en skv. forgangsörðun, með beitingu lífsferilshugsunar. Mótun úrgangslaga og stefnumótun fyrir stjórnun úrgangs <b>skal vera</b> gegnsæ og með hliðsjón af fyrirliggjandi reglum um þátttöku almennings og hagsmunaaðila ef til eru. <b>Tekið skal</b> mið af varúðarreglu og sjálfbærni, tæknilegum og fjárhagslegum möguleikum. Verja auðlindir og vernda umhverfið, heilsumanna, hafa í huga félagsleg og fjárhagsleg áhrif lagasetningar.

Gr. 5	Aukaafurðir	1.	Efni úr framleiðslu vöru <b>má flokka</b> þannig að það sé ekki úrgangur, að vissum skilyrðum uppfylltum
		2.	<b>Gripa má</b> til aðgerða til að skilgreina aukaafurðir á grundvelli 1. mgr.
Gr. 6	úrgangur ekki lengur úrgangur	1.	Úrgangur <b>skal ekki lengur vera</b> úrgangur ef hann hefur farið í gegnum ákveðna meðhöndlun og uppfyllir tiltekin skilyrði.
		2.	Setja ætti fram skilyrði um steinefni, pappír, gler, málma, hjólbarða og textílvörur.
		3.	Úrgangur sem er þannig ekki lengur úrgangur sk. skilyrðum í 1. og 2. fellur ekki undir endurvinnslu- og endurnýtingarmarkmið skv. tilsk. 94/62, 2000/53, 2002/96 og 2006/66, og öðrum EB-reglum ef endurvinnslu og endurnýtingarmarkmið í þessum tilskipunum hafa verið uppfyllt.
		4.	Aðildarríki <b>mega ákveða</b> í hverju tilfalli fyrir sig, ef skilyrði skv. 1. og 2. liggja ekki fyrir, að úrgangur sé ekki lengur úrgangur. Þurfa að láta framkv.stj. vita.
Gr. 7	Úrgangslisti	1.	Listinn <b>skal vera</b> bindandi hvað varðar spilliefni. Efni á lista skal ekki vera endilega úrgangur undir öllum kringumstæðum.
		2.	Aðildarríki <b>má skilgreina</b> úrgang sem spilliefni þó að hann sé ekki á listanum, ef hann einn eða fleiri eiginleika skv. viðauka III.
		3.	Aðildarríki <b>má skilgreina</b> spilliefni á listanum sem venjulegan úrgang ef hann hefur ekki eiginleika skv. viðauka III
		4.	Ekki má þynna spilliefni eða blanda þeim með öðrum úrgangi til að lækka skilgreiningarmörk fyrir spilliefni.
		5.	Allar skilgreiningar hér á undan þurfa að vera skv. aðferð
		6.	Aðildarríki <b>mega líta</b> á úrgang sem ekki hættulegan í samræmi við listann í 1.
		7.	Framkvæmdastjórnin <b>skal tryggja</b> að úrgangslistinn fylgi reglum um að hann sé skýr, skiljanlegur og aðgengilegur ekki síst fyrir lítil og miðlungsstór fyrirtæki.
<b>Kaflí 2 Almenn ákvæði</b>			
Gr. 8	Útvíkkuð framleiðenda-ábyrgð	1.	Aðildarríki <b>mega víkka út</b> , með lögum og öðrum stjórnvaldsaðgerðum, framleiðendaábyrgð á þá sem hanna, framleiða, vinna frekar úr, meðhöndla, selja eða flytja inn vörur. Aðgerðir geta falið í sér vöruskil og móttöku úrgangs og frekari stjórnun sem því fylgir. Upplýsingaveita til almennings.
		2.	Aðildarríki <b>mega ákveða</b> aðgerðir sem hvetja til umhverfisvænnar hönnunar. Slíkar ákvarðanir mega leiða til fjölnotamöguleika vöru, til endingargóðra vara sem auðvelt er að endurnýta og farga.
		3.	Við beitingu útvíkkaðrar framleiðendaábyrgðar <b>skulu</b> aðildarríki <b>taka mið</b> af tæknilegum og fjárhagslegum möguleikum og heildaráhrifum á heilsu og samfélagið, og taka tilliti til virkni innri markaðar.
		4.	Útvíkkuð framleiðendaábyrgð <b>má ekki hafa</b> áhrif á ábyrgð fyrir úrgangsstjórnun skv. 15. gr. eða fyrirbyggjandi reglur fyrir tilteknar teg. vöru eða úrgangs.

Gr. 9	Að draga úr myndun úrgangs	1.	Framkvæmdastjórnin <b>skal skila</b> til Evrópuþings (EP) og ráðherraráðs (Council) þremur skýrslum um úrgangsmyndun og markmiðum meða að draga úr myndun úrgangs (scope of prevention) (31.12.2001), eco design etc., aðgerðaráætlun til að breyta neyslumynstri (31.12.2001), og markmiðssetningu fyrir úrgangshjöðnun (31.12.20014)
Gr. 10	Endurnýting	1.	Aðildarríki <b>skulu ákveða</b> aðgerðir til að tryggja endurnýtingu.
		2.	Til að fylgja markmiðum skv. 1 eftir <b>skal halda</b> tegundum úrgangs aðskildum ef það tæknilega og fjárhagslega mögulegt og skilar umhverfislegum ávinningi.
Gr. 11	Endurnotkun og endurvinnsla	1.	Aðildarríki <b>skulu taka ákvarðanir</b> um endurnotkun og styðja hágæða endurvinnslu. <b>Flokka skal</b> úrgang sérstaklega, ekki seinna en 2015, ef það tæknilega og fjárhagslega mögulegt og skilar umhverfislegum ávinningi, pappír, málma, plast og gler.
		2.	Aðildarríki <b>skulu taka ákvarðanir</b> til að ná 50% markmiðum endurnotkunar og endurvinnslu fyrir pappír, plast, málma og gler frá heimilum og öðrum líkum uppsprettum, allt fyrir 2020. 70% endurnotkun og endurvinnsla C&D úrgang fyrir 2020.
		3.	Framkvæmdastjórnin setur upp ítarlegar reiknireglur um hvort og hvernig aðildarríki standast markmið sett upp í mgr. 2. Aðlögunartímar mega gildi í aðildarríkum með minna 5% endurvinnslu árið 2008.
		4.	Fyrir 31.12.2014 endurskoðun markmiða
		5.	Aðildarríki skulu senda skýrslu með þriggja fresti um framvindu markmiðsmála.
Gr. 12	Förgun	1.	Aðildarríki <b>skulu tryggja</b> örugga förgun úrgangs.
Gr. 13	Heilsu- og umhverfisvernd	1.	Aðildarríki <b>skulu stjórna</b> úrgangsmeðhöndlun þannig að ekki sé hætt á heilsutjóni, umhverfisryrnun, <b>ekki má</b> menga, loft, vatn og jarðveg, <b>ekki skaða</b> dýr og plöntur, <b>ekki valda</b> hávaða og ólykt, <b>ekki skaða</b> sveitir og sérstaka staði.
Gr.14	Kostnaður	1.	Í samræmi við mengunarbótareglu, <b>skal</b> kostnaður úrgangsstjórnunar <b>greiddur</b> af þeim sem framleiðir úrgang eða sá sem er núverandi eða fyrrverandi úrgangshafi
		2.	Aðildarríki <b>mega ákveða</b> að kostnaður úrgangsstjórnunar verði greiddur að fullu eða að hluta til af framleiðanda vöru sem verður síðar að úrgangi og að dreifiaðilar taki á sig hluta af kostnaði.
<b>Kafli 3 Úrgangsstjórnun</b>			
Gr. 15	Ábyrgð á úrgangsstjórnun	1.	Aðildarríki <b>skulu tryggja</b> að úrgangsstjórnun sé framkvæmd af þeim sem myndar úrgang eða er úrgangshafi, eða af einhverjum aðila sem hann tilnefnir, í samræmi við forgangsröðun (Art. 4) og reglum um heilsu- og umhverfisvernd (Art. 13)
		2.	Sem almenn regla <b>skal</b> ábyrgð á endurnýtingu eða förgun <b>ekki enda</b> með framsali framkvæmdar frá upphaflega úrgangsfrauleiðanda. Þrátt fyrir ákvæði í reglugerð um flutning úrgangs 1013/2006 mega aðildarríki ákveða skilyrði fyrir ábyrgð og ákveða í hvaða tilfellum upphaflegi úrgangshafinn ber ábyrgðina alla leið í meðhöndlun og hvenær ábyrgðin skiptist milli aðila.

		3.	Aðildarríki <b>mega ákveða</b> að framleiðandi vöru sem síðar verður að úrgangi beri alla ábyrgð eða að hluta til, á úrgangsstjórnun og að dreifiaðilar beri einnig hluta ábyrgðar í úrgangsstjórnun.
		4.	Aðildarríki <b>skulu tryggja</b> að úrgangsstjórnun fari fram skv. ákvæðum í Art. 13.
Gr. 16	Reglur um sjálfstjórnun og nálægð	1.	Aðildarríki <b>skulu tryggja</b> að samþætt kerfi úrgangsförgunar og endurnýtingar úrgangs frá heimilum og líkum úrgangi sé til staðar, í samvinnu við önnur ríki ef það er fýsilegt og nauðsynlegt. Aðildarríki <b>mega neita</b> að taka við úrgangi til brennslu ef það hefði í för með meðhöndlun eigin úrgangs leiddi til förgunar en ekki endurnýtingar eða til meðhöndlunar sem væri ekki í samræmi við landsáætlun.
		2.	Samþætt kerfi úrgangsförgunar <b>skal tryggja</b> fullnægjandi endurnýtingu og förgun úrgangs í ESB.
		3.	Samþætt kerfi úrgangsförgunar <b>skal tryggja</b> förgun úrgangs í þeirri stöð sem er næst hverju sinni.
		4.	Reglurnar þýða ekki að hvert aðildarríki þurfi að vera með fullkomið net endurnýtingar- og förgunarstöðva.
Gr. 17	Eftirlit með spilliefnum	1.	Aðildarríki <b>skulu tryggja</b> viðeigandi meðhöndlun á spilliefnum, þ.m.t. rekjanleiki frá framleiðslu til lokameðhöndlunar, og eftirlit í samræmi við ákvæði gr. 35 og 36.
Gr. 18	Bann við blöndun spilliefna	1.	Aðildarríki <b>skulu tryggja</b> að spilliefnum sé ekki blandað saman né að annar úrgangur sé blandaður við spilliefni, útþynning sp. bönnuð.
		2.	Aðildarríki <b>mega heimila</b> blöndun í stöð með leyfi, án þess að umhverfisástand versni og allt fer fram skv. ákvæðum gr. 13 og skv. BAT.
		3.	Ef spilliefnum hefur verið blandað í trássi við ákvæði 1. mgr. <b>skal sundra</b> þau þar sem slíkt er tæknilega og fjárhagslega mögulegt.
Gr. 19	Merking spilliefna	1.	Aðildarríki <b>skulu tryggja</b> viðeigandi merkingu spilliefna í meðhöndlun.
		2.	Spilliefnum í flutningi innan aðildarríkis <b>skal fylgja</b> auðkennisskjal (identification document)
Gr. 20	Spilliefni frá heimilum	1.	Ákvæði greina 17,18,19 og 35 eiga ekki við blandaðan úrgang frá heimilum. Greinar 19 og 35 eiga ekki við um aðgreindar tegundir spilliefna frá heimilum þar til að þau eru komin í meðhöndlun
Gr. 21	Úrgangsolía	1.	Þrátt fyrir ákvæði greina 18 og 19 <b>skulu</b> aðildarríki <b>tryggja</b> sérsöfnun úrgangsolíu þar sem hún er tæknilega möguleg, að úrgangsolía er meðhöndluð skv. grein 4 og 13, að mismunandi tegundum úrgangsolíu er ekki blandað saman, eða úrgangsolíu blandað öðrum úrgang ef það kemur í veg fyrir frekari meðhöndlun.
		2.	Til að styrkja sérsöfnun úrgangsolíu og meðhöndlun hennar <b>mega</b> aðildarríki <b>beita</b> viðbótarreglum um ábyrgð etc.
		3.	Ef úrgangsolía á að fara í endurheimt <b>mega</b> aðildarríki koma í veg fyrir millilandaflutning ef sá flutningur er til þess að olían verði brennd, til þess að örva endurheimt.

Gr. 22	Lífúrgangur	1.	Aðildarríki <b>skulu grípa</b> til aðgerða til að örva sérsöfnun lífúrgangs fyrir jarðgerð eða gasvinnslu (digestion), meðhöndlun lífúrgangs sem hefur í för með sér mikla umhverfisvernd, og að örugg efni úr vinnsluferlum lífúrgangs verði notuð. Framkvst. á að láta fara fram mat á stjórnun lífr. úrgangs, kannski tillögu um tilsk. Kanna á möguleika að setja lágmarkskröfur fyrir meðhöndlun lífr. úrgangs og gæðakröfur fyrir moltu (kompost) og meltu.
<b>Kafli 4 Starfsleyfi og skráningar</b>			
Gr. 23	Starfsleyfi	1.	Kröfur starfsleyfis
		2.	Starfsleyfi <b>má gefa</b> út til tiltekins tíma og <b>má endurnýja</b> .
		3.	Ef lögbært yfirvald kemst að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð meðhöndlun er ekki í samræmi við grein 13 <b>skal neita</b> um leyfi.
		4.	Orkunýting <b>skal gerast</b> á háu stigi (energy efficiency).
		5.	<b>Sameina má</b> starfsleyfi til að einfalda ferli.
Gr. 24	Undanþágur frá leyfi	1.	Fyrirtæki <b>mega endurnýta eða farga</b> eigin úrgang á framleiðslustað í samræmi við ákvæði í grein 23.
Gr. 25	Skilyrði fyrir undanþágu	1.	Ef aðildarríki vill beita undanþágum skv. 1. mgr. <b>skal það setja</b> almennar reglur um gerðir og magn úrgangs sem til greina kemur og meðhöndlunaraðferð.
		2.	Sérstakar viðbótarreglur <b>skulu gilda</b> um spilliefni.
		3.	<b>Tilkynna skal</b> til framkvæmdastjórnar um reglur skv. 1 og 2.
Gr. 26	Skráning	1.	Aðildarríki <b>skulu tryggja</b> að þurfa lögbær yfirvöld haldi utan um upplýsingar vegna fyrirtækja sem stunda úrgangssöfnun og – flutning, eða versla með úrgang, og starfa á undanþágum ef þau eru ekki starfsleyfisskyld. Nota skal helst fyrirbyggjandi upplýsingar.
Gr. 27	Lágmarkskröfur	1.	Aðildarríki <b>mega setja</b> lágmarkskröfur til meðhöndlunaraðferða úrgangs.
		2.	Aðeins fyrir aðferðir sem eru ekki dekkðar með IPPC
		3.	Kröfur skulu beinast að umhverfisvernd og miða við BAT
		4.	Lágmarkskröfur gilda einnig þar sem hefur verið veitt undanþága skv. grein 26.
<b>Kafli 5 Áætlanir</b>			
Gr. 28	Úrgangsstjórnunar-áætlanir	1.	Aðildarríki <b>skulu láta</b> lögbær yfirvöld gera áætlanir um stjórnun úrgangs sem ná yfir allt svæði viðkomandi ríkis.
		2.	Í áætlun <b>skal vera</b> greining núverandi stjórnunar úrgangs, hvað þar að gera til að bæta umhverfisvæna meðhöndlun og hvernig áætlun styður við framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar.
		3.	Í áætlun <b>skal vera</b> úrgangsmagn og –tegundir, stöðulýsingu núverandi meðhöndlunar, þörf á breytingum, staðsetningarkröfur og fyrirhugaðar almennar stjórnunartillögur.
		4.	Í áætlun <b>má vera</b> dreifing ábyrgðar milli meðhöndlunaraðila, mat á hagrænum aðgerðum, gildi upplýsingarherferðar, brownfields
		5.	Áætlanir <b>skulu samsvara</b> áætlunarkröfum í umbúða- og urðunartilsk.

Gr. 29	Aðgerðar-áætlun til að draga úr myndun úrgangs	1.	Aðildarríki <b>skulu setja upp</b> aðgerðaráætlun um hvernig megi draga úr myndun úrgangs fyrir 12. 12. 2013. Þessar áætlanir mega vera hluti af áætlunum skv. 28. grein
		2.	Í aðgerðaráætlun <b>skal greina</b> frá markmiðum með því að draga úr myndun úrgangs. Tilgangur með markmiðunum <b>skal vera</b> að rjúfa tengsl milli hagvaxtar og aukinna áhrifa af völdum úrgangsmyndunar
		3.	<b>Setja skal</b> árangursviðmið hvernig tekst að hrinda áætlunum um að draga úr myndun úrgangs í framkvæmd
		4.	<b>Notast má</b> við vísa ( <i>indicators</i> ) fyrir áætlanir
		5.	Framkvæmdastjórnin <b>skal setja</b> upp upplýsingarkerfi til að miðla besta árangur og býr til leiðbeiningar fyrir aðildarríki.
Gr. 30	Mat og endurskoðun á áætlunum	1.	Aðildarríki <b>skulu tryggja</b> að áætlanir og stefnuskrár verði endurmetnar í seinasta lagi eftir 6 ár og endurskoðaða eftir þörfum
		2.	EEA er boðið til að bæta inn í ársskýrslu framvindu áætlana.
Gr. 31	Þátttaka almennings	1.	Aðildarríki <b>skulu tryggja</b> að hagsmunaðilar, stofnanir og almenningur komi að gerð áætlana.
Gr. 32	Samvinna milli aðildarríkja um áætlanagerð	1.	Aðildarríki <b>skulu vinna saman</b> að áætlunum sín á milli og með framkvæmdastjórn þar sem fýsilegt þykir.
Gr. 33	Upplýsingagjöf til framkvæmdastjórnar	1.	<b>Tilkynna skal</b> samþykktar áætlanir til framkvæmdastjórnar svo og breytingar og endurskoðanir.
		2.	Form tilkynningar
<b>Kafli 6 Eftirlit og skráarhald</b>			
Gr. 34	Eftirlit	1.	Úrgangsstjórnun og – meðhöndlun <b>skal sæta</b> eftirlit með reglulegu milli frá lögbæru yfirvaldi
		2.	Eftirlit með söfnun og flutningi úrgangs <b>skal ná</b> til uppruna, eðli, magn og áfangastað.
		3.	Eftirlit má styðja með upplýsingum úr EMAS
Gr. 35	Að halda skrá	1.	Allir aðilar sem fá starfsleyfi skv. ákvæðum 23. gr. <b>skulu halda skrá</b> yfir meðhöndlun spilliefna sem lögbært yfirvald hefur aðgang að ef óskað er eftir.
		2.	<b>Varðveita skal</b> skrár er varða spilliefni í þrjú ár nema flutningsaðilar þurfa að varðveita í 12 mánuði.
		3.	Aðildarríki <b>mega krefja</b> framleiðendur almenns úrgangs um skráargerð eins og í 1. og 2. mgr.
Gr. 36	Eftirfylgni og viðurlög	1.	Aðildarríki <b>skulu grípa</b> til aðgerða til að koma í veg fyrir ólöglega förgun og eftirlitslausa meðhöndlun úrgangs
		2.	Aðildarríki <b>skulu ákvarða</b> viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar tilskipunar.
<b>Kafli 7 Lokaákvæði</b>			

Gr. 37	Skýrslugerð og endurskoðun	1.	Aðildarríki <b>skulu senda</b> skýrslu um innleiðingu þessarar tilskipunar með þriggja ára fresti. Framkvæmdastjórn býr til í þessu skyni spurningalista á grundvelli tilskipunar 91/692/EB.
		2.	Framkvæmdastjórn sendir út spurningarlistann sex mánuðum fyrir skil á skýrslu sk. 1. mgr.
		3.	Framkvæmdastjórn skal birta skýrslu um innleiðingu innan níu mánaðar eftir móttöku skýrslu aðildarríkja
		4.	Í fyrstu samantektarskýrslu sem tekur til tímabilsins að 12 des. 2014 skal framkvæmdastjórnin leggja mat á innleiðingu þessarar tilskipunar (+nánari útfærsla)
Gr. 38	Túlkun og aðlögun að tækniframförum	1.	Framkvæmdastjórn <b>má próa leiðbeiningar</b> hvernig eigi að túlka skilgreiningu fyrir „endurnýtingu“ og „förgun“ Ef nauðsynlegt reynist <b>má útfæra nánar</b> formúluna fyrir orkunýtni í viðauka II, undir lið R1, með því að taka tillit til staðbundinna aðstæðna og aðstæðna á jaðarsvæðum.
		2.	<b>Breyta má</b> viðaukum í ljósi vísindalegra og tæknilegra framfara.
Gr. 39	Nefnd	1.	Framkvæmdastjórnin nýtur aðstoðar nefndar.
		2.	Þegar vitnað er í þessa málsgrein [39(2)] skulu gilda greinar 5a(1) til (4) og grein 7 í ákvörðun 1999/468/EB, þegar tilliti hefur verið tekið til ákvæða greinar 8.
		3.	Þegar vitnað er í þessa málsgrein [39(3)] skulu gilda greinar 5 og 7 í ákvörðun 1999/468/EB, þegar tilliti hefur verið tekið til ákvæða greinar 8.
Gr. 40	Innleiðing	1.	Aðildarríki <b>skulu hafa innleitt</b> allt sem nauðsynlegt er til að framfylgja ákvæðum tilskipunar þessarar fyrir 12. desember 2010. Við innleiðingu skulu aðgerðir ver með vísan í tilskipun þess.
		2.	Aðildarríki <b>skulu senda</b> framkvæmdastjórn megináðgerðir sem farið verðu í samkvæmt ákvæðum tilskipunar þessarar
Gr. 41	Niðurfelling tilskipana og gildistaka tiltekinna ákvæða		Tilskipanir 75/439/EB, 91/689/EB og 2006/12/EB falla niður frá 12. desember 2010. Ákveðin ákvæði í þeim breytast frá og 12. desember 2008: [...]
Gr. 42	Gildistaka		Tilskipun þessi tekur gildi á tuttugasta degi eftir birtingu í Stjórnartíðindum ESB [12.12.2008]
Gr. 43	Tilskipun stíluð á		Þessi tilskipun er stíluð á aðildarríkin Gert í Strasbourg 19. nóvember 2008 Fyrir Evrópuþingið: H.-G. Pöttering (forseti), fyrir ráðherraráðið: J.-P. Jouyet (forseti)
<b>Viðaukar</b>			
Viðauki I: Förgunaraðferðir			
Viðauki II: Endurnýtingaraðferðir			
Viðauki III: Eiginleikar úrgangs sem skera úr um hvort hann sé hættulegur			
Viðauki IV: Dæmi um aðgerðir sem vitnað er til í grein 29, til að draga úr myndun úrgangs			
Viðauki V: Samanburðarlisti greina á milli tilsk. 2006/12/EB, 75/439/EB, 91/689/EB og 2008/98/EB			